

# Gin- og klaufaveiki

**Gin- og klaufaveiki hafa flestir heyrt um og mörgum er í fersku minni gífurlega stór faraldur veikinnar í Bretlandi árið 2001. - En hvers konar sjúkdómur er þetta og af hverju er svona mikilvægt að verjast honum?**

Gin- og klaufaveiki er veirusjúkdómur sem leggst á klaufdyr, t.d. nautgrip, svin, sauðfé og geitur. Sjúkdómseinkenni eru blóðrur og sár í munn, nös, spenum og fótum.

Sjúkdómurinn er bráðsmitandi þannig að mörg dýr veikjast. Aftur á móti veldur sjúkdómurinn oftast ekki dauða nema hjá ungvíði. En dýrin þjást mikið í þá 8-15 daga sem einkennin vara. Þau eiga erfitt með að éta og geta því horast niður, nyt fellur og hætta er á ýmsum fylgikvillum, svo sem jögurbólgu og fósturláti. Sjúkdómurinn hefur því alvarleg áhrif á dýravælfæri og veldur dýraeigendum jafnframt miklu fjárhagslegu tjóni.

Mörg lönd í heiminum eru laus við gin- og klaufaveiki og til að halda þeirri stöðu er gripidi til niðurskurðar þegar sjúkdómurinn kemur upp. Aðgerðir til upprætingar sjúkdómsins geta verið gífurlega kostnaðarsamar vegna þess hversu hratt sjúkdómurinn breiðist út.

Alvarlegustu fjárhagslegu afleiðingar sjúkdómsins fyrir lönd sem byggja mikið á útflutningi landbúnaðarafurða er lokun útflutningsmarkaða.

Smitleiðir gin- og klaufaveikiveirunnar eru margvíslegar. Veiran er harðger og getur auðveldlega borist milli landa með lifandi dýrum, búfjárafurðum, fólki og ýms konar varningi. Þegar sjúkdómurinn hefur komið upp í landi þar sem hann hefur ekki verið áður til staðar eða verið útrýmt, er algengt að smitið sé rakið til þess að dýr hafi verið fóðruð með matvælum sem ekki hafa fengið fullnægjandi hitameðhöndlun.

## Námskeið EuFMD

Ísland er aðili að undirstofnun Matvælaöryggisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem nefnist EuFMD (European Commission for the control of Foot-and-Mouth Disease). Hún var stofnuð árið 1954 í því skyni að útrýma gin- og klaufaveiki í Evrópu. Nú er staðan sú að af Evrópulöndum er sjúkdómurinn aðeins landlægur í Tyrklandi og Rússlandi, en hann er aftur á móti til staðar víða í Asíu og Afríku.

Megináherslur stofnunarinnar nú eru því að aðstoða Evrópulönd við að viðhalda stöðunni og jafnframt að aðstoða önnur lönd í heiminum við að stemma stígu við sjúkdómmum eða útrýma honum. Það er gert með ýmsu móti, m.a. rannsóknunum og öflugu fræðslustarfi.

Sem aðildarríki að EuFMD, gefst Íslandi tækifæri á að senda fagfólk á námskeið stofnunarinnar. Í nóvember síðastliðnum tók undirrituð þátt í námskeiði sem haldið var í Kenía. Á námskeiðinu var áhersla lögð á þjálfun í aldursgreiningu einkenna, sem er mjög mikilvægur liður í að áætla hvenær smitið barst fyrst á búið. Jafnframt var farið ítarlega í þjálfun í smitvörnum, sem og öflun og úrvinnslu faraldsfræðilegra upplýsinga.

Á kúabúinu sem heimsótt var voru um 180 gripir og um 20% þeirra voru veikir. Þegar einkennin uppgötvuðust fyrst var gripidi til þess ráðs að bólusetja alla gripina og aðskilja þá sem voru veikir frá hinum. Flestir gripir ná sér á innan



Veik kýr.



Blóðrur og sár í kjaftri.



Sár á spena.



Upplýsinga aflað.



Sýnatökur.

við tveimur vikum en sömu gripir geta sýkst aftur síðar og bólusetning dugar ekki nema í sex mánuði. Það er því mikils um vert að koma í veg fyrir að smitið berist inn á búið á ný, en til þess þarf samstillt átak allra búfjáreigna á nágrenninu.

Smitvarnir á námskeiðinu í Kenía voru miklar. Allt sem ekki var hægt að þvo með sápuvatni og sótthreinsa í sitrónusýrublöndu, var skilið eftir á búinu. Myndirnar sem fylgja þessari grein voru teknar á vatnshelda myndavél sem var þvegin og sótthreinsuð á þennan hátt og þeir símar sem teknir voru inn á búið voru í vatnsheldum hulstrum. Myndir voru teknar af þeim blöðum sem upplýsingar voru skrifaðar á og blöðin síðan skilin eftir á búinu. Þegar heim á hótelið var komið voru öll fót sett í sitrónusýrublöndu og síðan í þvott, og öllum var skylt að fara í sturtu. Þetta er talið upp



Smitvarnir.

hér í þeim tilgangi að varpa ljósi á hversu margt þarf að hugsa út í við smitvarnir, sér í lagi þegar um svo harðgera veiru er að ræða.

## Staðan hér á landi

Gin- og klaufaveiki hefur aldrei komið upp á Íslandi en veiran getur auðveldlega borist til landsins og því er mjög mikilvægt að ýrstru smitvarna sé gætt á öllum vígstöðvum. Annars vegar þarf reyna að koma í veg fyrir að smitefnið berist með fólki og vörum frá löndum þar sem sjúkdómurinn

er til staðar, og hins vegar þurfa bændur að tryggja eins og kostur er að smit berist ekki inn á þeirra bú. Við búum svo vel hér á landi að bannað er að flytja inn lifandi dýr, sem væri annars áhættusamasti innflutningurinn hvað þetta smitefni varðar, sem fjölmörg önnur. Búfjárafurðir eru líka varasamar, sér í lagi óhitameðhöndlaðar, svo og ýmis konar notuð landbúnaðartæki og búnaður. Fólk getur líka borið veiruna með sér á eigin líkama og fatnaði.

Aldrei verður hægt að tryggja fullkomlega að gin- og klaufaveiki

berist ekki til landsins og því þurfa allir sem að málum koma að vera viðbúinir því að bregðast rétt við ef það gerist. Aðalatriði er að dýraeigendur og dýralæknar séu vakandi fyrir einkennum og tilkynni án tafar um grun til Matvælastofnunar. Stofnunin vinnur þá eftir viðbragðsáætlun sem er hluti af gæðahandbók og allir geta kynnt sér á heimasíðu stofnunarinnar [www.mast.is](http://www.mast.is).

**Audur Lilja Arnhórsdóttir,**  
sóttvarnadýralæknir hjá  
Matvælastofnun.